

## FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 14. febrúar 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 11<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjárhagsáætlanir Höfðahrepps**

- Breyting áætlunar 2007

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingum á fjárhagsáætlun 2007 sem sveitarstjóri kynnti. Breytingin felur í sér hækkun verðbótareiknings á lánum félagslegra íbúða um 8,5 milljónir króna. Með breytingunni verður niðurstaða samstæðu jákvæð um 13.477 þús. en var skv. samþykktri áætlun 21.977 þús.

Tillagan var samþykkt.

- Þriggja ára áætlun 2008-2010. (fyrrri umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun árána 2008-2010 til fyrrri umræðu. Í tillögu að þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir nokkrum fjárfestingum og gerð áætlun um áhrif þeirra. Áætlunin miðast við fast verðlag og ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri að öðru leyti en því sem leiðir af fjárfestingum.

Hreppsnefnd ræddi þriggja ára áætlun og þá stefnumótun sem í henni ætti að felast. Áætluninni var vísað til annarrar umræðu.

#### **2. Bréf:**

- a) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. febrúar 2007.

Í bréfinu er fjallað um námsferðir á vegum Sambands íslenskra sveitafélaga annars vegar til Noregs og Danmerkur og hins vegar til Brussel.

Bréfið var til kynningar.

- b) Tækifæris hf. dags. 31. janúar 2007.

Í bréfinu er greint frá því að stjórn Tækifæris hf hafí ákveðið að nýta sér forkaupsrétt að hlutfé Byggðastofnunar í félaginu og bjóða hluthöfum að nýta sér forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Jafnframt er Höfðahreppi boðið að kaupa hlut í félaginu á genginu 0,878.

Ekki var áhugi fyrir að nýta tilboðið.

- c) Ólínu Friðriksdóttur, dags. 31. janúar 2007.

Með bréfinu óskar Ólína eftir stuðningi við verkefni sem hún hefur unnið að og fjallar um samkeppnishæfni Austur Húnavatnssýslu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

- d) Stéttarfélagssins Samstöðu, dags. 27. janúar 2007.  
Í bréfinu er greint frá hækkun á framlagi sveitarfélaga í starfsmenntunarsjóð úr 0,40% í 0,72% frá 1. janúar 2007. Í bréfinu kemur einnig fram að heiti hins sameiginlega starfsmenntunarsjóðs er Sveitamennt.  
Bréfið var til kynningar.
- e) Lögfræðideildar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. janúar 2007.  
Í bréfinu er tekið saman lögfræðiálit vegna gatnagerðagjalda.  
Bréfið var til kynninga.

### 3. Fundargerðir:

- a) Atvinnu- og ferðamálanefndar, 17.01.2007.  
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Atvinnu- og ferðamálanefndar, 24.01.2007.  
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Hafnarnefndar, 22.01.2007.  
Fundargerðin var samþykkt.
- d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8.12. 2006.  
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 19.01. 2007  
Fundargerðin var til kynningar.

### 4. Önnur mál

- a) Soffía Lárusdóttir ritar bréf, dags. 5. febrúar 2007, til hreppsnefndar og óskar eftir að hreppsnefnd hafi áhrif á að sérfræðingar sem koma til þjónustu við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi komi einnig til þjónustu á heilsugæslustöðinni á Skagaströnd. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við stjórnendur HSB um málið.
- b) Umræður urðu um safnamál og hvaða stefnu sé rétt að taka í uppsetningu á safni eða sýningu safnatengdri. Ekki varð niðurstaða af umræðunni en ákveðið að halda áfram að móta hugmyndir.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13<sup>55</sup>

Adolf H. Berndsen

Birna Sveinsdóttir

**Hreppsnefnd Höfðahrepps  
Fundargerðir**

(sign)

Sigríður Gestsdóttir  
(sign)

Halldór Ólafsson  
(sign)

(sign)

Erla Jónsdóttir  
(sign)

Magnús B. Jónsson  
(sign)